
Samningur við staðfestingaraðila

Í TENGLUM VIÐ VERÐTRYGGÐA

SKULDABRÉFAÚTGÁFU HAGA HF.

milli

Haga hf.,

staðfestingaraðila,

og

umboðsmanns kröfuhafa

1. október 2019



Efnisyfirlit

1.	SKILGREININGAR OG TÚLKUN	3
2.	AÐILD VEÐHAFA AÐ SAMNINGNUM.....	5
3.	SKIPUN, STAÐA OG HÆFISTAÐFESTINGARAÐILA	5
4.	SKYLDUR ÚTGEFANDA.....	5
5.	STAÐFESTING SKÝRSLU UM FJÁRHAGSLEG OG SÉRSTÖK SKILYRÐI.....	6
6.	BREYTINGAR Á STAÐFESTINGARAÐILA	7
7.	SKAÐABÓTAÁBYRGÐ	8
8.	TRÚNAÐUR.....	8
9.	TILKYNNINGAR	8
10.	ÞÓKNUN STAÐFESTINGARAÐILA	9
11.	LÖG OG VARNARÞING	9
12.	GILDISTÍMI	9
13.	ANNAÐ	9
	FYLGISKJAL I.....	11
	FYLGISKJAL II.....	12
	FYLGISKJAL III.....	13
	FYLGISKJAL IV.....	15
	FYLGISKJAL V.....	16

Samningur þessi er gerður þann 1. október 2019 („samningurinn“) og er á milli:

- (1) Haga hf., kt. 670203-2120, Hagasmára 1, 201 Kópavogur („útgefandi“);
- (2) KPMG ehf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík („staðfestingaraðili“); og
- (3) KPMG ehf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík („umboðsmaður kröfuhafa“), f.h. kröfuhafa.

INNGANGUR

- (A) Útgefandi hyggst gefa út skuldabréf (skilgreint í greint 1.1) og hyggst jafnframt bjóða veðtryggingu til tryggingar á greiðslu skuldbindingu sinni samkvæmt skuldabréfunum.
- (B) Gerð samningsins er hluti af uppsetningu útgefanda á tryggingafyrirkomulaginu en því er ætlað að veita veðhöfum sameiginleg veðréttindi yfir tilteknum eignum veðsala. Tryggingafyrirkomulagið er gert til að veita öllum veðhöfum sömu veðtryggingar fyrir kröfum sínum þar sem tryggður er jafn réttur veðhafa að þeim veðtryggingum sem veðsalar kunna að veita hverju sinni.
- (C) Með samningnum er staðfestingaraðili skipaður í tengslum við tryggingafyrirkomulagið.

1. SKILGREININGAR OG TÚLKUN

1.1 Í samningnum skulu eftirfarandi hugtök hafa þá merkingu sem þeim er gefin hér að neðan:

„**Aðildaryfirlýsing**“ merkir yfirlýsingum um aðild nýs staðfestingaraðila að samningnum, sbr.fylgiskjal V.

„**Eiginfjárlutfall**“ skal hafa sömu merkingu og skilgreint er í skuldabréfunum.

„**Kröfuhafafundur**“ merkir þeir kröfuhafafund sem haldinn er á grundvelli umboðssamnings.

„**Lánaþekja**“ merkir hlutfall uppgreiðsluverðmætis útistandandi veðtryggða krafna gagnvart verðmæti hinna veðsettu eigna, samkvæmt verðmati í samræmi við fylgiskjal I við samkomulagið. Skuldabréf sem kunna á hverjum tíma að vera í eigu útgefanda eða félaga í samstæðu útgefanda skulu ekki teljast til útistandandi veðtryggða krafna við útreikning lánaþekju.

„**Samstæðan**“ merkir útgefanda og öll dótturfélög hans eins og þau eru á hverjum tíma.

„**Skuldabréfin**“ merkir flokk skuldabréfa útgefanda sem gefin verða út rafrænt hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf., dags. 2. október 2019, með auðkenninu HAGA 021029, ISIN IS0000031490, sem er til 10 ára og gefin eru út í 10.000.000 króna nafnverðseiningum. Við fyrstu útgáfu skuldabréfa undir þessum flokki eru gefin út skuldabréf samtals að nafnvirði 5.500.000.000 krónur en heildarheimild til útgáfu skuldabréfa í þessum flokki er 15.000.000.000 króna.

„**Skýrsla um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir**“ merkir skýrslu útgefanda um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir í samræmi við það sem sett er fram í fylgiskjali I eða eftir atvikum fylgiskjali II við samninginn, ásamt fylgigönum.

„**Tryggingafyrirkomulagið**“ merkir sameiginlegar veðtryggingar veðhafa, sem komið er á fót með tryggingarbréfi og veðsamningi og standa til tryggingar á skuldbindingum útgefanda á grundvelli skuldabréfanna.

„**Tryggingarbréf**“ merkir sérhvert tryggingarbréf sem veðsalar gefa út og sem tryggir skilvísá og skaðlausa greiðslu veðtryggðra skuldabréfa samkvæmt tryggingafyrirkomulaginu.

„**Umboðsmaður kröfuhafa**“ merkir þann aðila sem tekið hefur að sér hlutverk umboðsmanns kröfuhafa samkvæmt umboðssamningum.

„**Umboðssamningur**“ merkir samning sem gerður er í tengslum við útgáfu skuldabréfanna milli útgefanda og umboðsmanns kröfuhafa f.h. kröfuhafa skuldabréfanna.

„**Vaxtaþekja**“ skal hafa sömu merkingu og skilgreind er í skuldabréfunum.

„**Veðgæsluaðili**“ merkir veðgæsluaðili eins og hann er skilgreindur samkvæmt veðhafa- og veðgæslusamkomulaginu.

„**Veðhafafundur**“ merkir veðhafafund sem haldinn er á grundvelli veðhafa- og veðgæslusamkomulagsins.

„**Veðhafa- og veðgæslusamkomulagið**“ merkir veðhafa- og veðgæslusamkomulagið sem gert var á milli útgefanda, veðsala, veðgæsluaðila og umboðsmanns kröfuhafa, dags. 1. október 2019.

„**Veðhafar**“ merkir kröfuhafa sem eru eigendur skuldabréfanna og eiga réttindi á grundvelli veðhafa- og veðgæslusamkomulagsins sem umboðsmaður kröfuhafa undirritar fyrir þeirra hönd.

„**Veðsalar**“ merkir útgefanda sem sett hefur eignir að veði samkvæmt tryggingafyrirkomulaginu, og aðra aðila sem kunna að gerast veðsalar síðar í samræmi við ákvæði veðhafa- og veðgæslusamkomulagsins.

„**Veðsamningur**“ merkir sérhvern samning milli veðsala og veðgæsluaðila, f.h. veðhafa, um veðsetningu innstæðna á bankareikningi og/eða VS-reikningi, sem ætlað er að tryggja skilvísá og skaðlausa greiðslu veðtryggðra skuldabréfa samkvæmt tryggingafyrirkomulaginu.

„**Veðsettar eignir**“ merkir þær eignir sem eru á hverjum tíma veðsettar samkvæmt tryggingarbréfum og/eða veðsamningi.

„**Veðsettar fasteignir**“ merkir þær fasteignir sem eru meðal veðsettra eigna á hverjum tíma.

„**Veðskjöl**“ merkir veðhafa- og veðgæslusamkomulagið, tryggingarbréf og veðsamningar sem gerð eru í tengslum við veðhafa- og veðgæslusamkomulagið, ásamt öllum öðrum viðbótum aðila, tilkynningum, viðaukum, fylgiskjólum, breytingum og öllum öðrum skjólum sem þeim tengjast.

„**Veðtryggðar kröfur**“ merkir allar skuldir og fjárskuldbindingar (í hvaða gjaldmiðli sem er), nú eða síðar, samkvæmt veðtryggðum skuldabréfum, hvað nafni sem nefnast, og hvort sem um er að ræða höfuðstól, vexti, dráttarvexti, verðbætur, lögbundin vanskilaálög, kostnað við kröfugerð, innheimtu- og málskostnað af fullnustugerðum eða annan tengdan kostnað.

- 1.2 Tilvísanir til löggjafar skulu taldar fela í sér tilvísanir til þeirrar löggjafar eins og henni kann að hafa verið breytt og reglna sem kunna að hafa verið settar með stoð í slíkri löggjöf.
- 1.3 Tilvísanir til sérhvers aðila skulu (þar sem við á) vera álitnar tilvísanir til eða eiga við um þá sem með lögmætum hætti hafa tekið verið réttindum og/eða skyldu af þeim.



2. AÐILD VEÐHAFA AÐ SAMNINGNUM

- 2.1 Undirritun umboðsmanns kröfuhafa skuldbindur bæði upphaflega kröfuhafa skuldabréfanna sem og síðari framsalshafa krafna samkvæmt skuldabréfum við ákvæði samningsins.

3. SKIPUN, STAÐA OG HÆFI STAÐFESTINGARAÐILA

- 3.1 Staðfestingaraðili er hér með skipaður af útgefanda og samþykkir staðfestingaraðili að taka að sér það hlutverk. Hlutverk staðfestingaraðila nær ekki til annarra hlutverka en leiða af samningnum. Þannig felur hlutverk staðfestingaraðila ekki í sér framkvæmd áreiðanleikakönnunar eða endurskoðunar.
- 3.2 Þótt staðfestingaraðili sé upphaflega skipaður af útgefanda eru starfsskyldur staðfestingaraðila alfarið gagnvart veðhofum og hefur útgefandi ekkert boðvald yfir staðfestingaraðila og er óheimilt að hafa áhrif á störf hans eða skipun, nema að svo miklu leyti sem sérstaklega er kveðið á um slíkt í samningnum.
- 3.3 Útgefandi veitir hér með staðfestingaraðila fullt umboð til að sinna þeim skyldum sem honum eru faldar með samningnum.
- 3.4 Staðfestingaraðili skal vera óháður samstæðunni í störfum sínum fyrir veðhafa. Staðfestingaraðili má ekki, á gildistíma samningsins hafa með höndum verkefni fyrir samstæðuna sem valda vanhæfi hans sem staðfestingaraðila.
- 3.5 Staðfestingaraðili skal búa yfir nægilegri þekkingu til að gegna starfinu. Staðfestingaraðili skal vera endurskoðunarfyrirtæki, fjármálfyrirtæki eða annar aðili með sérþekkingu á viðkomandi sviði, með fullnægjandi þekkingu á fasteignum, verðbréfamarkaði og fjármögnun félaga sambærilegum útgefanda, og að öðru leyti með burði til að gegna hlutverkinu, meðal annars með tilliti til stærðar og rekstraröryggis.
- 3.6 Staðfestingaraðili skal ávallt á meðan hann gegnir hlutverki staðfestingaraðila vera með lögbundna og gilda starfsábyrgðartryggingu gagnvart tjóni sem kann að hljótast af störfum hans.
- 3.7 Staðfestingaraðili og sá starfsmaður sem sinnir verkum hans mega ekki á undanförnum fimm árum hafa verið lýstir gjaldþrota, leitað nauðasamninga eða heimildar til greiðslustöðvunar, eða hlotið dóm fyrir brot á lögum í tengslum við fyrirtækjarekstur.
- 3.8 Staðfestingaraðili gerir sér grein fyrir því að verðbréf útgefanda eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði. Þær aðstæður geta því skapast að staðfestingaraðili teljist vera innherji, sbr. meðal annars ákvæði laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti og reglur nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Staðfestingaraðili skuldbindur sig til að vera upplýstur um slíkar reglur eins og þær eru á hverjum tíma og haga störfum sínum til samræmis við þær.

4. SKYLDUR ÚTGEFANDA

- 4.1 Áður en skuldabréfin eru fyrst gefin út skal útgefandi afhenda staðfestingaraðila skýrslu um fjárhagslegar og sérstakar kvaðir, sbr. fylgiskjal II.
- 4.2 Áður en skuldabréf eru fyrst gefin út skal útgefandi, samhliða afhendingu skýrslu um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir sem mælt er fyrir um í grein 4.1, afhenda staðfestingaraðila allar þær upplýsingar sem staðfestingaraðili óskar eftir og telur

nauðsynlegar í tengslum við verkefni staðfestingaraðila samkvæmt samningnum.

- 4.3 Útgefandi skal afhenda staðfestingaraðila skýrslu um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir, ásamt öllum nauðsynlegum gögnum ef útgefandi hyggst óska eftir því við veðgæsluaðila að gerðar verði breytingar á tryggingarbréfum og/eða veðsamningi þannig að veðsettar eignir verði leystar úr veðböndum og/eða nýjar eignir veðsettar á grundvelli tryggingafyrirkomulagsins eða nýjar skuldbindingar felldar þar undir. Ef fyrirhugð breyting varðar veðsettar fasteignir, skal skýrslan sérstaklega tilgreina það og fela í sér upplýsingar um viðkomandi veðsettu fasteign. Skal útgefandi staðfesta með skýrslu um þessi atriði, sem send er til staðfestingaraðila til staðfestingar á því að:
- (a) að lánaþekja sé ekki umfram 75% eftir þær breytingar sem útgefandi óskar eftir samkvæmt framangreindu;
 - (b) Vaxtaþekja skal ekki vera lægri en 2,0;
 - (c) Eiginfjárlutfall skal að lágmarki nema 25%
- 4.4 Þegar útgefandi nýtir sér heimild til að gera breytingar á veðsettum eignum skal eingöngu verðmeta þær eignir sem teknar eru undan tryggingafyrirkomulaginu eða eftir atvikum felldar undir það. Verðmæti annarra veðsettra fasteigna, eins og það er birt í sérhverri skýrslu um fjárhagslegar og sérstakar kvaðir, skal haldast þar til búið er að gefa út nýja slíka skýrslu samkvæmt því sem mælt er fyrir um í veðhafa- og veðgæslusamkomulaginu og samningnum.
- 4.5 Útgefandi skuldbindur sig til þess að afhenda staðfestingaraðila skýrslu um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir sem mælt er fyrir um í skuldabréfunum, innan 14 daga frá því að endurskoðaður ársreikningur eða kannaður árshlutareikningur liggar fyrir. Í skýrslunni skal m.a. vera að finna útreikninga og forsendur þeirra.
- 4.6 Verðmat útgefanda á sérhverri veðsettri eign skal unnið í samræmi við þá aðferðarfræði sem lýst er í fylgiskjali I við veðhafa- og veðgæslusamkomulagið.
- 4.7 Skýrsla um fjárhagslegar og sérstakar kvaðir sem mælt er fyrri um í skuldabréfunum, sem útgefandi afhendir staðfestingaraðila, skulu vera á því formi og með því efni sem tilgreint er í fylgiskjölum I til II, eftir því sem við á, við samninginn og skulu þau gögn og þeir útreikningar sem lágu til grundvallar verðmatinu fylgja.
- 4.8 Við undirritun samningsins og í hvert skipti sem gefin eru út ný skuldabréf, skal útgefandi afhenda staðfestingaraðila afrit af þeim gögnum sem skuldbinda útgefanda í tengslum við viðeigandi útgáfu.

5. STAÐFESTING SKÝRSLU UM FJÁRHAGSLEG OG SÉRSTÖK SKILYRÐI

- 5.1 Áður en skuldabréf eru fyrst gefin út, sbr. gr. 4.1, skal staðfestingaraðili fara yfir forsendur og útreikninga í skýrslu útgefanda um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir, þ.m.t. varðandi verðmæti veðsettra eigna.
- 5.2 Staðfestingaraðili skal enn fremur yfirfara forsendur og útreikninga í skýrslu útgefanda, þ.m.t. varðandi verðmæti veðsettra eigna, sem útgefandi afhendir í tengslum við breytingar á tryggingarbréfum og/eða veðsamningi, skv. grein 4.3, sbr. og grein 4.4, og í tengslum við hálfssárs- og ársreikninga, sbr. grein 4.5, sbr. fylgiskjal IV. Ef óskað er eftir því að staðfestingaraðili yfirfari forsendur og útreikninga ársfjórðungsreikninga skal staðfestingaraðili verða við þeirri beiðni.

- 5.3 Ef staðfestingaraðili er sammála verðmati, forsendum og útreikningum útgefanda, samkvæmt grein 5.1 - 5.2, skal staðfestingaraðili staðfesta viðkomandi skýrslu útgefanda, sbr. fylgiskjal III. Staðfestingaraðili skal birta staðfestingu sína á fréttaveitu kauphallar Nasdaq OMX á Íslandi. Ef staðfestingaraðili er ósammála verðmati, forsendum eða útreikningum útgefanda skal staðfestingaraðili tilkynna veðgæsluaðila og umboðsmanni kröfuhafa um athugasemdir sínar innan 14 daga frá því að honum barst skýrsla útgefanda. Ef athugasemdir staðfestingaraðila varða skýrslu vegna breytinga á veðsettum fasteignum eða verðmæti þeirra skal veðgæsluaðili leita álits óháðs endurskoðunarfyrtækis eða fjármálfyrtækis sem skal meta markaðsverðmæti viðkomandi fasteignar ef hún á undir gr. 6.4. i) í veðgæslusamningnum, en framkvæmi ella sjóðsstreymisgreiningu samkvæmt þeim atriðum sem tilgreind er í fylgiskjali i í veðgæslusamningnum, sbr. gr. 6.4 i).
- 5.4 Staðfestingaraðili skal gera útgefanda og umboðsmanni kröfuhafa grein fyrir niðurstöðu sinni samkvæmt grein 5.3 svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan fjórtán daga frá móttöku skýrslu um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir frá útgefanda.
- 5.5 Staðfestingaraðili skal mæta á kröfuhafafundi og veðhafafundi sé hann boðaður til þeirra, til þess að fara þar yfir forsendur sínar fyrir staðfestingu eða synjun skýrslu um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir. Þá skal staðfestingaraðili, samkvæmt beiðni, afhenda veðgæsluaðila, umboðsmanni kröfuhafa og útgefanda öll gögn í tengslum við forsendur staðfestingaraðila fyrir ákvörðun sinni.

6. BREYTINGAR Á STAÐFESTINGARAÐILA

- 6.1 Umboðsmaður kröfuhafa getur tekið ákvörðun á veðhafafundi um að segja staðfestingaraðila upp störfum og fela útgefanda að skipa nýjan í hans stað, með fyrirvara um samþykki umboðsmanns kröfuhafa.
- 6.2 Vilji staðfestingaraðili láta af störfum skal hann þegar í stað upplýsa útgefanda um það og skal útgefandi þá, eins fljótt og kostur er, skipa nýjan staðfestingaraðila, með fyrirvara um samþykki umboðsmanns kröfuhafa.
- 6.3 Þegar útgefandi hefur skipað nýjan staðfestingaraðila, með fyrirvara um samþykki umboðsmanns kröfuhafa, sbr. framangreint, skal útgefandi fara fram á það við veðgæsluaðila að boðað verði til veðhafafundar þar sem skipun hins nýja staðfestingaraðila er lögð fyrir umboðsmann kröfuhafa til samþykktar. Verði tillaga útgefanda um staðfestingaraðila ekki samþykkt skal útgefandi, í samráði við umboðsmann kröfuhafa eftir því sem efni eru til, skipa annan staðfestingaraðila.
- 6.4 Staðfestingaraðili sem lætur af störfum samkvæmt framangreindu skal laus undan skyldum sínum þegar hinn nýi staðfestingaraðili hefur staðfest skipun sína með undirritun aðildaryfirlýsingar, sbr. grein 6.7.
- 6.5 Missi staðfestingaraðili hæfi sitt á samningstímanum, sbr. grein 3, skal hann tilkynna um slíkt til útgefanda og láta af störfum án tafar, og skal útgefandi þá, eins og fljótt og auðið er, skipa nýjan staðfestingaraðila með fyrirvara um samþykki umboðsmanns kröfuhafa, sbr. og grein 6.3.
- 6.6 Hafi útgefandi ekki samið við nýjan staðfestingaraðila 14 dögum eftir að honum verður kunnugt um að staðfestingaraðili hyggst láta af störfum getur umboðsmaður kröfuhafa samið við nýjan staðfestingaraðila. Skulu kröfuhafar greiða og bera ábyrgð á þóknun nýs staðfestingaraðila að því marki sem hún er hærri en þóknun fráfarandi staðfestingaraðila.
- 6.7 Þegar skipt er um staðfestingaraðila skal hinn nýi staðfestingaraðili, eftir að umboðsmaður

kröfuhafa hefur samþykkt skipun hans, gangast undir að taka við öllum réttindum og skyldum staðfestingaraðila samkvæmt samningnum með undirritun aðildaryfirlýsingar í samræmi við fylgiskjal V við samninginn.

7. SKAÐABÓTAÁBYRGÐ

- 7.1 Staðfestingaraðili ber ábyrgð á störfum sínum í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttar. Staðfestingaraðili ber þó ekki ábyrgð á óbeinu tjóni sem veðhafar kunna að verða fyrir.
- 7.2 Ábyrgð staðfestingaraðila takmarkast við þá fjárhæð sem hægt er að krefjast, og fæst greidd, úr starfsábyrgðartryggingu hans, sbr. grein 3.6, nema um sé að ræða tjón sem rekja má til ásetnings staðfestingaraðila, en í því tilviki skal skaðabótaábyrgð hans ekki sæta neinum takmörkunum.


8. TRÚNAÐUR

- 8.1 Staðfestingaraðila er skylt að gæta fyllsta trúnaðar um hvaðeina sem hann verður áskynja um í störfum sínum á grundvelli samningsins, nema fyrir liggi skýr lagaákvæði eða úrskurður þar til bærs stjórnvalds eða dómstóls sem skylda hann til að láta af hendi slíkar upplýsingar. Trúnaðarskyldan helst eftir að staðfestingaraðili lætur af störfum.
- 8.2 Trúnaðarskyldan tekur ekki til upplýsingagjafar staðfestingaraðila sem honum er nauðsynleg til að vinna verk sín samkvæmt samningnum.

9. TILKYNNINGAR

- 9.1 Nema kveðið sé á um annað í samningnum, skulu allar tilkynningar og önnur samskipti sem eru gefin út eða afhent vegna samnings þessa vera skrifleg (í bréfi eða tölvupósti) og skulu sendast til útgefanda, staðfestingaraðila og umboðsmanna kröfuhafa með sannanlegum hætti á eftirfarandi heimilisföng og/eða tölvupóstföng, til þess að þær geti talist gildar gagnvart gagnaðila:

- (a) Ef til útgefanda:
Hagar hf.
Hagasmára 1, 201 Kópavogur
b.t. Finnur Árnason
fa@hagar.is
- (b) Ef til staðfestingaraðila:
KPMG
Borgartúni 27, 105 Reykjavík
b.t. Helga Harðardóttir
hhardardottir@kpmg.is
- (c) Ef til kröfuhafa eða umboðsmanns kröfuhafa:
KPMG
Borgartúni 27, 105 Reykjavík
b.t. Helga Harðardóttir
hhardardottir@kpmg.is
- (d) Ef til veðgæsluaðila:



KPMG
Borgartúni 27 105 Reykjavík
b.t. Helga Harðardóttir
hhardardottir@kpmg.is

- 9.2 Tilkynna skal þegar í stað um allar breytingar á heimilis- eða tölvupóstfangi.

10. ÞÓKNUN STAÐFESTINGARAÐILA

- 10.1 Útgefandi einn ber skyldu til að greiða staðfestingaraðila vegna starfa hans, sbr. þó gr. 6.6, og skulu þeir gera með sér samning um þóknun til handa staðfestingaraðila vegna starfa hans á grundvelli samningsins.
- 10.2 Útgefandi skal jafnframt bera allan eðlilegan útlagðan kostnað af störfum staðfestingaraðila.

11. LÖG OG VARNARÞING

- 11.1 Um samninginn gilda íslensk lög.
- 11.2 Rísi mál út af samningi þessum, skulu aðilar leitast við að leysa ágreining með samkomulagi sín á milli, en náist ekki að leysa úr ágreiningi með samkomulagi skal reka málið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

12. GILDISTÍMI

- 12.1 Samningurinn tekur gildi við undirritun. Réttindi og skyldur einstakra veðhafa samkvæmt samningnum falla niður þegar allar skuldir gagnvart þeim, sem falla undir veðtryggingar tryggingafyrirkomulagsins, hafa verið greiddar upp að fullu og samningurinn fellur alfarið niður þegar allar skuldir sem falla undir tryggingafyrirkomulagið hafa verið greiddar upp gagnvart öllum veðhöfum.

13. ANNAÐ

- 13.1 Allar breytingar sem gerðar eru á samningnum skulu vera skriflegar, samþykktar af tilskildum meirihluta veðhafa á veðhafafundi, skv. ákvæðum veðhafa- og veðgæslusamkomulagsins, og undirritaðar af hálfu útgefanda, staðfestingaraðila og viðeigandi umboðsmanni kröfuhafa.
- 13.2 Samningurinn er gerður í tveimur frumritum og heldur útgefandi einu eintaki en staðfestingaraðili hinu. Samningurinn skal birtur á heimasíðu útgefanda til upplýsingar fyrir veðhafa.
- 13.3 Öllu framanrituðu til staðfestu undirrita útgefandi og staðfestingaraðili samninginn.

[undirritunarsíða fylgir]

- undirskriftarsíða samnings við staðfestingaraðila -

Reykjavík 1. október 2019

F.h. Haga hf.

al.

Haga

Sá sem undirritar samning þennan fyrir hönd
útgefanda ábyrgist og staðfestir að hann hafi
heimild í samræmi við lög og reglur og
samþykkir félagsins til að skuldbinda
útgefanda.

F.h. KPMG ehf., sem staðfestingaraðili

Helga Haukardóttir

Sá sem undirritar samning þennan fyrir hönd
staðfestingaraðila ábyrgist og staðfestir að hann
hafi heimild í samræmi við lög og reglur og
samþykkir félagsins til að skuldbinda
staðfestingaraðila.

F.h. KPMG, sem umboðsmaður kröfuhafa

Helga Haukardóttir

Sá sem undirritar samkomulag þetta fyrir hönd
umboðsmanns kröfuhafa ábyrgist og staðfestir að hann
hafi heimild í samræmi við lög og reglur og
samþykkir félagsins til að skuldbinda
umboðsmann kröfuhafa.

Vottar að réttri dags. og undirritun:

Björn Ólafsson 030893-3369

Andri Ingason 170394-2084

FYLGISKJAL I.

FORM AÐ SKÝRSLU UM FJÁRHAGSLEGAR- OG SÉRSTAKAR KVAÐIR VEGNA BREYTINGA Á VEÐANDLAGI EÐA NÝRRA SKULDBINDINGA

[Staðfestingaraðili]

[staður og dagsetning]

Skýrsla um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir

Vísað er til veðhafa- og veðgæslusamkomulagsins, dags. 1. október 2019, og samnings við staðfestingaraðila. Hugtök sem skilgreind eru í veðhafa- og veðgæslusamkomulaginu og samningi við staðfestingaraðila skulu hafa sömu merkingu og þeim er þar gefin.

Útgefandi óskar hér með eftir [[að eftirfarandi breytingar verði gerðar á hinum veðsettu eignum] [að nýjum skuldbindingum verði bætt við þær skuldbindingar sem þegar eru tryggðar með tryggingafyrirkomulaginu]]:

[Veðsettar eignir losaðar undan veðböndum:

Eign: _____ Verðmæti: _____

Nýjar veðsettar eignir:

Eign: _____ Verðmæti: _____

Nýjar skuldbindingar:

Skuldbinding: _____

Lánaþekja: _____]

Niðurstaða útgefanda er að fjárhagslegar- og eftir atvikum sérstakar kvaðir samkvæmt veðhafa- og veðgæslusamkomulagi, séu uppfylltar eftir breytingarnar, sbr. nánar:

1. Lánaþekja: _____

[ef breytingar á veðandlagi][

2. hlutfall veðsettra fasteigna á höfuðborgarsvæðinu (þ.e. einhvers staðar innan marka Reykjavíkurborgar, Mosfellsbæjar, Kópavogs, Garðabæjar, Hafnarfjarðar eða Seltjarnarness): _____

Meðfylgjandi eru upplýsingar um útreikninga fjárhagslegra og sérstakra kvaða og [[um verðmat og verðmatsviðmið eigna sem leystar eru úr veðböndum og/eða nýrra veðsettra eigna] [um nýjar skuldbindingar sem tryggðar verða með tryggingafyrirkomulaginu]].

[staður og dagsetning]

Fyrir hönd Haga hf.

P
JK

FYLGISKJAL II.

FORM AÐ SKÝRSLU UM FJÁRHAGSLEGAR- OG SÉRSTAKAR KVAÐIR

[Staðfestingaraðili]

[staður og dagsetning]

Skýrsla um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir

Vísað er til veðhafa- og veðgæslusamkomulagsins, dags. 1. október 2019, og samnings við staðfestingaraðila. Hugtök sem skilgreind eru í veðhafa- og veðgæslusamkomulaginu og samningi við staðfestingaraðila skulu hafa sömu merkingu og þeim er þar gefin.

Útgefandi hefur framkvæmt útreikning á fjárhagslegum- og sérstökum kvöðum, sbr. skýrslu þessa um fjárhagslegar kvaðir, sem nú er afhent samhliða birtingu [[ársuppgjörs][hálfsársuppgjörs]1, þann [dags.].

Þann [dags.] voru viðkomandi fjárhagslegar og sérstakar kvaðir eftirfarandi:

1. Vaxtabekja

[útreikningur vaxtabekju]

2. Eiginfjárlutfall

[útreikningur eiginfjárlutfall]

Samkvæmt framangreindu er það mat útgefanda að hann uppfylli þær fjárhagslegu- og sérstöku kvaðir sem fram koma í skilmálum skuldabréfa.

Meðfylgjandi eru upplýsingar og gögn vegna framangreindra útreikninga.

[staður og dagsetning]

Fyrir hönd Haga hf.

FYLGISKJAL III.

FORM AÐ STAÐFESTINGU Á SKÝRSLU UM FJÁRHAGSLEGAR- OG SÉRSTAKAR KVAÐIR

Vegna breytinga á veðandlagi og/eða nýrra krafna sem tryggðar verða samkvæmt tryggingafyrirkomulaginu

[Umboðsmaður kröfuhafa]

Hagar hf.

[•}

[•]

[staður og dagsetning]

[Staðfesting] [Synjun á staðfestingu] á skýrslu um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir.

Vísað er til veðhafa- og veðgæslusamkomulagsins, dags. 1. október 2019, og samnings við staðfestingaraðila. Hugtök sem skilgreind eru í veðhafa- og veðgæslusamkomulaginu og samningi við staðfestingaraðila skulu hafa sömu merkingu og þeim er þar gefin.

Vísað er til skýrslu útgefanda um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir, dags. [.].

Staðfestingaraðili hefur farið yfir skýrslu útgefanda um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir, verðmat sem liggar til grundvallar og aðrar upplýsingar sem skýrslan byggir á. Að lokinni sjálfstæðri yfirferð eru niðurstöður staðfestingaraðila eftirfarandi:

[[ef breytingar á veðsettum eignum]]

[Veðsettar eignir losaðar undan

veðböndum:

Eign: _____ Verðmæti: _____

Nýjar veðsettar eignir:

Eign: _____ Verðmæti: _____

[[ef nýjar skuldbindingar verða tryggðar með tryggingafyrirkomulaginu]]

[Fjárhæð nýrra krafna sem tryggðar verða samkvæmt tryggingafyrirkomulaginu:

Verðmæti veðsettra eigna: _____]]

1. Vaxtaþekja

[útreikningur vaxtaþekju]

2. Staðsetning veðsettra eigna

[útreikningur staðsetningu eigna m.v. virði]

[Yfirferð staðfestingaraðila á [verðmæti hinna veðsettu eigna] [áhrifa nýrra skuldbindinga] samræmist mati útgefanda og [skýrsla um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir því staðfest.]

P
H

[Eftirfarandi eru athugasemdir staðfestingaraðila við mat útgefanda sem fram kemur í skýrslu um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir: [•]]

[staður og dagsetning]

Fyrir hönd staðfestingaraðila

FYLGISKJAL IV.

FORM AÐ STAÐFESTINGU Á SKÝRSLU UM FJÁRHAGSLEGAR- OG SÉRSTAKAR KVAÐIR vegna prófunar í tengslum við ársreikning/árshlutareikning/ársfjórðungsreikning

[Umboðsmaður kröfuhafa]

Hagar hf.

[•]

[•]

[staður og dagsetning]

[Staðfesting] [Synjun á staðfestingu] á skýrslu um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir.

Vísað er til veðhafa- og veðgæslusamkomulagsins, dags. 1. október 2019, og samnings við staðfestingaraðila. Hugtök sem skilgreind eru í veðhafa- og veðgæslusamkomulaginu og samningi við staðfestingaraðila skulu hafa sömu merkingu og þeim er þar gefin.

Vísað er til skýrslu útgefanda um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir, dags. [.]

Staðfestingaraðili hefur farið yfir skýrslu útgefanda um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir, verðmat sem liggur til grundvallar og aðrar upplýsingar sem skýrslan byggir á. Að lokinni sjálfstæðri yfirferð eru niðurstöður staðfestingaraðila eftirfarandi:

Þann [dags.] voru viðkomandi fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir eftirfarandi:

1. Vaxtaþekja

[útreikningur vaxtaþekja]

2. Eiginfjárlutfall


[útreikningur eiginfjárlutfall]

[Yfirferð staðfestingaraðila á fjárhaglsegum- og sérstökum kvöðum samræmist mati útgefanda og skýrsla um fjárhagslegar og sérstakar kvaðir því staðfest.]

[Eftirfarandi eru athugasemdir staðfestingaraðila við mat útgefanda sem fram kemur í skýrslu um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir: [•]]

[staður og dagsetning]

Fyrir hönd staðfestingaraðila



FYLGISKJAL V.

FORM AÐ AÐILDARYFIRLÝSINGU STAÐFESTINGARAÐILA

[umboðsmaður kröfuhafa]

Hagar hf.

[•]

[staður og dagsetning]

Aðildaryfirlýsing staðfestingaraðila

Vísað er til veðhafa- og veðgæslusamkomulagsins, dags 1. október 2019, og samnings við staðfestingaraðila, dags. 1. október 2019. Hugtök sem skilgreind eru í veðhafa- og veðgæslusamkomulaginu og samningi við staðfestingaraðila skulu hafa sömu merkingu og þeim er þar gefin.

Í samræmi við ákvæði í samningi við staðfestingaraðila, hefur undirritaður verið skipaður staðfestingaraðili og tekur sem slíkur við því hlutverki, ásamt öllum þeim réttindum og skyldum sem því fylgia, frá og með undirritun á yfirlýsingu þessa.

Fyrri staðfestingaraðili skal hér með vera leystur undan þeim réttindum og skyldum sem hann hafði sem slíkur, að því undanskildu að hann ber áfram ábyrgð á ráðstöfunum sínum sem hann framkvæmdi í því hlutverki.

Allar tilkynningar og önnur samskipti sem eru gefin út eða afhent skulu sendast til staðfestingaraðila með sannanlegum hætti á eftifarandi heimilisfang og/eða tölvupóstfang, sbr. grein 9 í samningi við staðfestingaraðila:

[Staðfestingaraðili], [Heimilisfang] [Tölvupóstfang]

[staður og dagsetning]

Staðfestingaraðili

[Framangreint staðfest sem fyrri staðfestingaraðili]
